



Listaskáld íslenskrar tungu

Jónas Hallgrímsson er eitt dádasta ljóðskáld Íslendinga. Fæðingardagur hans hefur verið valinn dagur íslenskrar tungu og var fyrst haldið upp á hann árið 1996.


Jónas fæddist á Hrauni í Öxnadal árið 1807. Hann missti föður sinn níu ára gamall og fór þá í fóstur til móðursystur sinnar inni í Eyjafirði. Eftir að hafa notið kennslu á heimaslóðum frá tólf ára aldri komst Jónas í Bessastaðaskóla tæplega sextán ára gamall. Þar dvaldi hann næstu sex árin í andrúmslofti rómantíkur og vaxandi þjóðerniskenndar. Í skólanum var endurreisn íslenskrar menningar og tungu á dagskrá og hafði þetta mikil áhrif á hinn unga dreng. Að námi loknu starfaði Jónas þrjú ár í Reykjavík sem ritari landfógeta en lagði næstu árin stund á náttúruvísindi við háskólann í Kaupmannahöfn. Hann var duglegur að kynna sér evrópskar bókmenntir og hafði m.a. uppáhald á H.C. Andersen sem var á þeim tíma lítils metinn höfundur.

Árið 1835 stofnaði Jónas ásamt þrem íslenskum skólabræðrum tímaritið Fjölmi. Kjörorð Fjölismanna voru nytsemi, fegurð og sannleikur. Fremst í fyrsta tölublaði hans er kvæði Jónasar „Ísland“ sem hefst á orðunum Ísland farsælda frón. Fjölmi varð ekki langlífur, aðeins komu út níu árgangar á þrettán árum, en áhrif hans urðu mikil.

Árin 1837–42 var Jónas langdvölum á Íslandi. Honum hafði verið falið að rannsaka náttúru Íslands og semja lýsingu á landinu. Var hann eitt sinn hætt kominn á ferðum sínum um fjallveg norðanlands. Þurfti að liggja mánuðum saman rúmfastur í Reykjavík og náði sér aldrei að fullu eftir hrakningana.

Jónas orti mikið á þessum árum, m.a. stórbrotin náttúruljóð. Síðustu þrjú árin sín dvaldi hann í Danmörku við erfið kjör. Vann Jónas þá að Íslandslýsingunni og útgáfu Fjölmi auk yrkinganna sem hann stundaði alla tíð. Jónas lést úr lungnabólgu og blóðeitrun


árið 1845, 37 ára gamall. Var hans sárt saknað af vinum og öllum þeim sem gerðu sér grein fyrir því hve mikið var í hann spunnið. Hann var jarðsettur í hjástoðargarði í Kaupmannahöfn hinn síðasta dag maímánaðar.



Hraun í Öxnadal **

„Stund þíns fegursta frama“

Hvað er það sem gerir Jónas svona sérstakan? Af hverju höfðar hann svo mjög til okkar? Jónas var uppi á tímum rómantísku stefnunnar í bókmenntum. Samhliða henni fór nývöknud þjóðerniskennd um lönd Evrópu. Einveldisöld var að ljúka og lýðræði að skjóta rótum. Á Íslandi var endurreisn Alþingis framundan en það hafði verið



Fjölismenn *

lagt niður um aldamótin 1800. Þegar menn dvöldu í Kaupmannahöfn þá blasti það við þeim að Íslendingar voru langt á eftir öðrum þjóðum á flestum sviðum. Fjölismenn með Jónas í broddi fylkingar urðu boðberar endurreisnar og frelsisvakningar í íslensku þjóðlífi. Hann vildi hreinsa tunguna af erlendum slettum og endurreisa Alþingi á Þingvöllum, sjá landsmenn taka sín mál í eigin hendur. Draumur Fjölismanna var að þjóðin risi úr þeirri öskustó sem þeim fannst hún hafa legið í öldum saman, kannski allt frá því að hún gekk erlendu konungsvaldi á hönd á 13. öld. Það stafar dýrðarljóma af fornöldinni, tíma landnáms, sögu- og þjóðveldisaldar. Fjölirnir kenndi Íslendingum að sjá land, þjóð og tungu í nýju ljósi.

–Allt er í heiminum hverfult
og stund þíns fegursta frama
lýsir sem leiftur um nótt
langt fram á horfinni öld.

Þannig yrkir Jónas í kvæðinu „Ísland“. Þetta kvæði er mikil og djörf hvatning til þjóðarinnar og fullt af skínandi perlum sem margar hafa lifað í tungunni æ síðan. Það er ort af mikilli snilld og skáldlegum innblæstri og gaf tóninn fyrir útgáfu Fjölnis.



*

Nokkur dæmi um þekktar perlur í kvæðinu „Ísland“:

– Þá riðu hetjur um héruð
og skrautbúin skip fyrir landi.

– Hvað er þá orðið okkar starf,
í sex hundruð sumur?

– Höfum við gengið til góðs,
götuna fram eftir veg?

– Nú er hún Snorrabúð stekkur.
og lyngið á Lögbergi helga
blánar af berjum hvert ár,
börnum og hröfnum að leik.

– Það er svo bágt að standa í stað
og mönnunum munar
annaðhvort aftur á bak
ellegar nokkuð á leið.



*

Að vekja þjóð

Jónas átti stóran þátt í því að vekja þjóðerniskennd Íslendinga á 19. öld. Og sterkra áhrifa hans gætti langt fram eftir síðustu öld þótt heldur hafi þau dvínað í seinni tíð. Að læra kvæði Jónasar utanbókar og þylja þau yfir bekknum hafði mikil og góð áhrif. Jónas kenndi okkur að elska landið, náttúruna, tunguna og blés okkur í brjóst umhyggju fyrir lítilmagnanum. Nokkur dæmi úr slíkum kvæðum.

– Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tind fjalla
og svanahljómi, silungsá
og sælu blómi valla
og bröttum fossi, björtum sjá
og breiðum jökulskalla –
drjúpi' hana blessun drottins á
um daga heimsins alla.

(Íslands minni)

– Fífilbrekka, gróin grund,
grösug hlíð með berjalautum,
flóatetur, fífusund,
fífilbrekka, smáragrund.
Yður hjá ég alla stund
uni best í sæld og þrautum ...

Bunulækur blár og tær
bakkafögur á í hvammi
sólarylur, blíður blær,
bunulækur fagurtær,
yndið vekja ykkur nær
allra best í dalnum frammi.
Bunulækur blár og tær,
bakkafögur á í hvammi.

Sæludalur sveitin best,
sólin á þig geislum helli,
snemma risin seint þú sest
sæludalur, prýðin best.
Þín er grundin gæðaflest,
gleðin æsku, hvíldin elli.
Sæludalur sveitin best,
sólin á þig geislum helli.

(Úr Dalvísu)

– Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

(Úr Hulduljóðum)



*



Jónas við fjallið Skjaldbreiður **

Það er mikil hlýja í þessum ljóðlínnum, honum þykir svo vænt um þetta allt. Maður sér brekkuna fyrir sér með fíflum og sóleyjum, heyrir niðinn í læknum og glymjanda fossins, sveitin breiðir úr sér. Hann ávarpar þau öll eins og vini enda dvaldi Jónas mikið í íslenskri náttúru bæði í æsku og seinna við rannsóknir sínar og var þá oft einn á ferð.

– Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn.
Allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrastasöngur.
Eins mig fýsir alltaf þó:
aftur að fara' í göngur.

(Vorvísur)

– Fanna skautar faldi háum
fjallið, allra hæða val;
hrauna veitir bárum bláum
breiðan fram um heiðardal.
Löngu hefur Logi reiður
lokið steypu þessa við.
Ógnarskjöldur bungubreiður
ber með sóma réttnefnið.

(Fjallið Skjaldbreiður)

Um lítilmagnann

Jónas yrkir um rjúpuna sem vargurinn eltir og konan í dalnum snýr á háls þegar rjúpan leitar á náðir hennar. Lóan sem er að draga björg í bú til unganna sinna smáu og syngur sinn rómaða söng undir sólu, hún veit ekki að á meðan er hrafnninn að éta ungana hennar. Móðirin sem verður úti á klakanum kalda hugsar um það eitt að halda lífi í barninu sem hún ber sér við brjóst. Allt er þetta ort af fádæma listfengi.

– Ein er upp til fjalla
yli húsa fjær,
út um hamrahjalla,
hvít með loðnar tær.
Brýst í bjargarleysi,
ber því hyggju gljúpa,
á sér ekkert hreysi
útibarin rjúpa.

(Óhræsið)



*



*

– Lóan heim úr lofti flaug
ljómaði sól um himinbaug
blómi grær á grundu
til að annast unga smá –
alla étið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu!

(Heiðlóarkvæði)

– Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel,
í fjallinu dunar en komið er él,
snjóskýin þjóta svo ótt og ótt,
auganu hverfur um heldimma nótt
vegur á klakanum kalda.

Hver er hin grátna sem gengur um hjarn,
götunnar leitar og sofandi barn
hylur í faðmi og frostinu ver,
fögur í tárur? En mátturinn þver –
hún orkar ei áfram að halda.

(Móðurást)



*

Enginn grætur Íslending

Jónas var jarðaður í Kaupmannahöfn en bein hans flutt heim til Íslands rúmum hundrað árum síðar. Hann var síðan lagður til hinstu hvílu í Skáldareit á Þingvöllum. Jónas hefur verið kallaður ástmögur þjóðarinnar og listaskáldið góða. Ekkert skáld hefur þjóðin elskað líkt og hann sem orti:



*

– Enginn grætur Íslending,
einan sér og dáinn,
þegar allt er komið í kring,
kyssir torfa náinn.

Mér er þetta mátulegt
mátti vel til haga,
hefði ég betur hana þekkt
sem harma ég alla daga.

Lifðu sæl við glaum og glys,
gangi þér allt í hagin,
í öngum mínum erlendis
yrki ég skemmsta daginn.

(Stökur 21. des. 1844)

Ótalin eru ástarkvæði Jónasar en þeirra á meðal er „Ferðalok“ sem löngum hefur verið talið fegursta ástarkvæði tungunnar. Þetta kvæði yrkir hann um ferðalag sem hann fór á unga aldri. Í ferðinni kynnist hann stúlku og þau verða ástfangin. Sagt er að Jónas hafi beðið um hönd hennar við ferðalok en faðirinn neitað. Þau hittust aldrei aftur og víst er að Jónas tregaði stúlkuna lengi.

Margt er ótalið enda er þessum línum ekki ætlað að gera úttekt á skáldskap Jónasar. Frekar er það von okkar að þær megi nýtast til að kveikja áhuga skólafólks á að kynna sér skáldskapinn betur og fást við tengd verkefni í tilefni dags íslenskrar tungu.

Háa skilur hnetti
himingeimur,
blað skilur bakka og egg
en anda sem unnast
fær aldregi
eilífd að skilið.

(Ferðalok)

„Hann sem kveða kunni“



* Grímur Thomsen

Ýmis skáld hafa ort um Jónas. Grímur Thomsen orti svo í eftirmælum:

Íslands varstu óskabarn
úr þess faðmi tekinn
og út á lífsins eyðihjarn
örlagasvipum rekinn.

Langt frá þinni feðra fold,
fóstru þinna ljóða
ertu nú lagður lágt í mold,
lista skáldið góða.

Hannes Hafstein yrkir nokkru síðar:

„Þar sem háir hólar
hálfan dalinn fylla,“
lék í ljósi sólar,
lærði hörpu að stilla
hann, sem kveða kunni
kvæðin ljúfu, þýðu,
skáld í muna og munni,
mögur sveitablíðu.



* Hannes Hafstein

Halldór Laxness yrkir um Jónas í kvæði sínu, „Stóð ég við Öxará“—, en það birtist í Íslandsklukkunni.



Halldór Laxness

Úr lundi heyrði eg, hvar
hulduljóð sungið var;
fannst mér ég þekti þar
þann sem sló kordurnar:
alheill og orðinn nýr
álfurinn hörpu knýr
ástvinur eingum jafn
alfari úr Kaupinhafn.

„Hulduljóð sungið var“

Í ljóðasöfnum Námsgagnastofnunar er að finna flest kvæði þau sem vitnað er í hér að framan. Söfnin heita *Ljóðsprotar*, *Ljóðspor* og *Ljóðspeglar*. Ljóð Jónasar í þessum bókum eru eftirtalin:

Álfareiðin	Gunnarshólmi	Nú er vetur úr bæ
Buxur vesti, brók og skó	Heiðlóarkvæði	Óhræsið
Dalvísa	Ísland	Réttarvatn
Ég bið að heilsa	Íslands minni	Sáuð þið hana systur mína?
Ferðalok	Laxinn	Ungur var ég og ungir (Úr Grátittlingnum)
Fjallið Skjaldbreiður	Móðurást	Vorvísur

„Stóð ég við Öxará –“ eftir Halldór Laxness er í *Ljóðspeglum* og „Hraun í Öxnadal“ eftir Hannes Hafstein í *Ljóðsporum*.

Dagur íslenskrar tungu

Við hvetjum kennara til að kynna kvæði Jónasar fyrir nemendum. Jónas talaði um „ástkæra, ylhýra málið“, og við ættum að taka orð hans til fyrirmyndar, umgangast málið okkar með ást og hlýju. Hægt er að láta krakkana lesa upp kvæði, ræða innihald þeirra og útskýra einstök orð og merkingu eftir þörfum. Einnig að skrifa endursagnir á kvæðum.

Þá eru til lög við mörg þessara kvæða, nægir að nefna Dalvísu, Ísland, Íslands minni (Þið þekkið fold), Heiðlóarkvæði, Nú er vetur úr bæ, Ég bið að heilsa, Stóð ég úti í tunglsljósi, Vísur Íslendinga (Hvað er svo glatt?) og Borðsálm (Það er svo margt ef að er gáð). Ótalinn er þáttur myndmenntarinnar en auðvitað er hægt að teikna og mála myndir af ýmsu því sem kvæðin lýsa.

Að síðustu langar okkur að benda á Vefleiðangur fyrir eldri börnin sem er að finna í verkefnabanka íslenskuvefsins *Málbjörg* á www.nams.is Þarna er hægt að vinna með ljóð Jónasar á ýmsan hátt. Meðal annars er að finna þarna skemmtilegan samanburð á því hvernig Jónas og Árni nokkur Helgason yrkja um sama atburðinn.

Ef rétt er á haldið eiga kvæði Jónasar Hallgrímssonar að geta yljað Íslendingum um hjartarætur enn um langa hríð.

Myndir hér að framan eru eftir Bjarna Jónsson* og Halldór Pétursson**.



Jónas Hallgrímsson
Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Magnús Ólafsson

Ingólfur Steinsson tók saman

STEINN STEINARR

Steinn Steinarr, sem er skáldanafn Aðalsteins Kristmundssonar, fæddist hinn 13. október árið 1908 og eru því í ár liðin hundrað ár frá fæðingu hans. Steinn fæddist á Laugalandi í Nauteyrarhreppi við Ísafjarðadjúp en ólst að mestu upp í Saurbæ í Dölun en fluttist til Reykjavíkur átján ára gamall.



Það var ekki blómlegt um að litast í Reykjavík þegar Steinn birtist þar. Atvinnuleysi var og kreppa yfirvofandi og Steinn var auk þess fatlaður á handlegg sem gerði honum alla líkamlega vinnu erfiða. Framtíðarhorfur hans virtust því ekki glæsilegar enda hafði skólaganga hans verið stutt. Steinn fékk því að kynnst fátækt á þessum árum en í staðinn komst hann í kynni við ung skáld og listamenn sem hittust reglulega í Unuhúsi.

Á þessum erfiðu tímum létu róttækir fylgismenn sósíalisma mikið að sér kveða, ekki síst skáldin, og Steinn gekk til liðs við þá. Þess sjást skýr merki í fyrstu ljóðabók hans, Rauður loginn brann sem út kom árið 1934. Róttæk ljóð sátu þar í fyrirúmi eins og nafn bókarinnar gefur til kynna. Ljóðin í þessari fyrstu bók Steins eru langflest hefðbundin (með rími, ljóðstöfum og hefðbundinni hrynjandi). En auk hinna róttæku ljóða um hlutskipti lítilmagnans bar mikið á vonleysi og trega. Það er eins og skáldinu finnist á stundum fátt merkilegt við líf mannanna, tilgangurinn óljós og mannkynið statt í eins konar völundarhúsi sem erfitt er að rata um og útgönguleiðin týnd.

Árið 1948 kom út ljóðabókin Tíminn og vatnið, alls 13 ljóð (en urðu 21 í lokagerðinni árið 1956). Marga rak í rogastans. Það er nánast ekki hægt að skilja þessi ljóð eftir hefðbundnum leiðum; maður varða að skynja þau. Það er eins og allar reglur séu brotnar nema hvað stundum er rím og oftast einhverjir stuðlar. Engin leið er að ráða í endanlega merkingu ljóðanna en margir sjá í þeim mikinn trega, hugsanlega djúpa ástarsorg. Með þessari bók braut Steinn blað í ljóðagerð Íslendinga.

Steinn kom víðar við. Hann samdi ljóðin í barnabókunum Tindátarnir (1943) og Halla (2000) en Nína Tryggvadóttir myndskreytti þá fyrrnefndu og Louisa Matthíasdóttir hina. Auk þess ritaði hann stórsnjallar blaðagreinar um ýmis mál-

efni. Hann tók drjúgan þátt í umræðum um ljóðagerð samtímans enda var um miðja síðustu öld háð grimmileg barátta um ljóðagerðina; átti að kasta á glæ hinu hefðbundna ljóði með rími og stuðlum en innleiða í staðinn frjáls ljóð (atóm-ljóð)? Um það var tekist á. Steinn var ekki í vafa; leyfum ljóðinu að vera frjálst.

Um fá skáld Íslendinga hefur staðið jafnmikill stýrr sem Stein Steinarr. Nú telja menn hann flestir merkasta ljóðskáld okkar á 20. öld. Hann hafði gríðarleg áhrif á ungu skáldin sem gerðu garðinn frægan á eftir honum og tók drjúgan þátt í samfélagi skálda og listamanna sem settu svip á bæinn og sátu gjarna á kaffihúsum og ræddu málefni dagsins.

Steinn kvæntist árið 1948 Ásthildi Björnsdóttur og bjuggu þau í litlu húsi í Fossvoginum ásamt hundi og nokkrum hæn-um. Steinn lést 25. maí árið 1958 og eru því liðin fimmtíu ár frá dauða hans.

Þórður Helgason tók saman



STEINN STEINARR

1908 – 1958

Ræfilskvæði

Ég er réttur og sléttur ræfill,
já, ræfill, sem ekkert kann.
Ég hélt þó hér forðum, að guð og gæfan
myndi gera úr mér afbragðs mann.

Ef til vill framsóknarfrömuð,
því fátt er nú göfugra en það,
og ef til vill syngjandi sjálfstæðishetju
með saltfisk í hjartastað.

En allt lýtur drottins lögum,
í lofti, á jörð og í sjó.
Ég eltist og snýst við minn eigin skugga
og öðlast ei stundar ró.

Sem réttur og sléttur ræfill
ég ráfa um stræti og torg,
með hugann fullan af hetjudraumum,
en hjartað lamað af sorg.

Til umhugsunar

1. Hvernig líður manningum sem sagt er frá í ljóðinu?
2. Hver skyldi vera ástæða fyrir líðan hans?
3. Hvaða drauma átti hann um framtíð sína?
4. Hvað skyldi hafa komið í veg fyrir að þeir draumar rættust?
5. Heldur þú að höfundur sé að yrkja um sjálfan sig eða einhvern annan? Rökstyddu svarið.
6. Skoðuðu vel ljóðstafi og rím í ljóðinu. Hvaða regla virðist gilda þar um?
7. Hvað skyldi vera átt við með orðunum „sjálfstæðishetju með saltfisk í hjartastað“?
8. Hvernig tilfinningu greinir þú í ljóðinu? Háð, sorg, gleði, trega, fögnuð – eða eitthvað allt annað?

Verkefni

1. Teiknaðu mynd af manningum í ljóðinu.
2. Endursegðu efni ljóðsins með þínum eigin orðum.



STEINN STEINARR

1908 – 1958

Hallgrímskirkja (líkan)

Húsameistari ríkisins
tók handfylli sína af leir
og horfði dulráðum augum
á reislur og kvarða:

$51 \times 19 + 18 \div 102$,
þá útkomu læt ég mig
raunar lítils varða.

Ef turninn er lóðréttur
hallast kórinn til hægri.
Mín hugmynd er sú,
að hver trappa sé annarri lægri.

Húsameistari ríkisins
tók handfylli sína af leir,
og Hallgrímur sálugi Pétursson
kom til hans og sagði:

Húsameistari ríkisins!
Ekki meir, ekki meir!

Til umhugsunar

1. Heldur þú að það sé algengt að fólk setji sig
upp á móti því að reisa stórar byggingar í
bæjum og borgum?
2. Hvers vegna skyldi fólk vera mótfallið því?
3. Hvaða tilfinningu finnst þér höfundur hafa til
byggingar Hallgrímskirkju?
4. Útskýrðu orðin lóðréttur og láréttur.
5. Veist þú hvaða hluti kirkju er kallaður kórinn?
6. Reiknaðu: $51 \times 19 + 18 \div 102$
7. Getur þú fundið ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi)
í kvæðinu? En rím?
8. Hver er húsameistari ríkisins?
9. Hver var Hallgrímur sálugi Pétursson?

Verkefni

1. Teiknaðu mynd af Hallgrímskirkju.
2. Finndu upplýsingar um Hallgrímskirkju, t.d. á
Netinu, og skráðu þær í dálkinn hér fyrir neðan.





STEINN STEINARR

1908 – 1958

Miðvikudagur

Miðvikudagur. – Og lífið gengur sinn gang, eins og guð hefir sjálfur í öndverðu hugsað sér það. Manni finnst þetta dálítið skrítið, en samt er það satt, því svona hefir það verið og þannig er það.

Þér gangið hér um með þann sama svip og í gær, þér sigrandi fullhugar dagsins, sem krónuna stýfið. Í morgun var haldið uppboð á eignum manns, sem átti ekki nóg fyrir skuldum. – Þannig er lífið.

Og mennirnir græða og mennirnir tapa á víxl, og mönnum er lánað, þó enginn skuld sína borgi. Um malbikuð strætin berst múgsins háværa ös, og Morgunblaðið fæst keypt niðr' á Lækjartorgi.

Miðvikudagur. – Og lífið gengur sinn gang, og gangur þess verður víst hvorki aukinn né tafinn. Dagbjartur múrari eignaðist dreng í gær, í dag verður herra Petersen kaupmaður grafinn.

Til umhugsunar

1. Hvaða tilfinning finnst þér koma fram í textanum? Rökstyddu.
2. Taktu eftir þéruninni. Hvers vegna skildi höfundur nota hana?
3. Hverjir ætli þeir séu sem eru ávarpaðir svona: „þér sigrandi fullhugar dagsins, sem krónuna stýfið?“
4. Hvers vegna skyldi höfundur hafa valið miðvikudag frekar en einhvern annan dag vikunnar?
5. Hvaða atriði í textanum gera tóninn hversdagslegan?
6. Í textanum koma fyrir nokkrar andstæður. Getur þú fundið þær?
7. Getur þú fundið ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi)? En rím?

Verkefni

1. Endursegðu efni kvæðisins með þínum eigin orðum.



STEINN STEINARR

1908 – 1958

Mannkynssaga fyrir byrjendur

Undan ferðamannsins fæti
valt steinn úr stað.
Og steinninn hélt áfram að velta,
veistu það.
Og sjö þúsund árum síðar
kom Sing Sing Hó.
Og Sing Sing Hó fékk sér konu,
en konan dó.
Og sjö þúsund árum síðar
kom Ghagga Ghú.
Um Ghagga Ghú finnst hvergi
nein heimild nú.
Og sjö þúsund árum síðar
komst þú, komst þú.

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____

Til umhugsunar

1. Hvers vegna skyldi ljóðið heita Mannkynssaga fyrir byrjendur?
2. Getur þú ímyndað þér hvaða „ferðamaður“ gæti hafa verið þarna á ferð?
3. Hvaðan ætli höfundur hafi fengið hugmyndina að nöfnum fólksins í ljóðinu?
4. Hvað segir ljóðið þér? Minnir þetta á þá mannkyns-sögu sem þú hefur lært? Hvort finnst þér alvara eða grín liggja að baki ljóðinu?
5. Getur verið að steinninn sé tákn fyrir eitthvað – og þá hvað?

9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____

Verkefni

1. Skrifaðu þitt eigið kvæði sem heitir Mannkynssaga fyrir byrjendur – eða lengra komna. Notaðu sama form og Steinn notar í sínu kvæði, þ.e. fjögur erindi með alls fjórtan línum.

Davíð Stefánsson

Davíð Stefánsson fæddist að Fagraskógi við Eyja-fjörð. Hann tók stúdentspróf í Reykjavík en stund-
aði síðan heimspekinám í Kaupmannahöfn. Að því
loknu settist hann að á Akureyri og tók við starfi
bókavarðar við Amtsbókasafnið 1925.



Fyrsta ljóðabók Davíðs var Svartar fjaðrir. Hún
kom út 1919. Þar var sleginn nýr strengur í hörpu
íslenskrar ljóðagerðar og hlaut hún strax miklar
vinsældir og skipaði höfundu á bekk með mestu skáldum þjóðarinnar. Seinna
komu fleiri ljóðasöfn, leikrit og skáldsagan Sólon Íslandus sem kom út í tveim
bindum árið 1940. Þar er flökkulistamaðurinn Sölvi Helgason(1820-1895) í
aðalhlutverki. Af leikritum Davíðs er Gullna hliðið þekktast en það hefur unnið
sér sess meðal sígildra, íslenskra leikrita. Einnig má nefna Munkana á Möðruvöllum
og Vopn guðanna.

Davíð er samt þekktastur fyrir kvæðin sín sem hafa lifað með þjóðinni í
bráðum 100 ár. Lög hafa verið gerð við mörg þeirra og nægir þar að nefna Caprí
Katarínu eftir Jón frá Hvanná, Ég leiddi þig í lundinn eftir Pál Ísólfs-
son, Til eru fræ, Kvæðið um fuglana og Hamraborgina.

Námsefni Námsgagnastofnunar geymir eftirfarandi kvæði Davíðs Stefánssonar.

Ljóðsprotar: Í gróandanum, Litla kvæðið um litlu hjónin og Mamma ætlar að
sofna.

Ljóðspor: Blómasaga, Endurfundur, Ég leiddi þig í lundinn, Ég vildi að ég væri,
Konan sem kyndir ofninn minn, Nirfillinn, Til hvers ...? Vornótt.

Ljóðspeglar: Hamraborgin, Hvað hefur breyst, Næturregn, Rottur, Til eru fræ.

Í *Mályrkju III* er að finna umfjöllun um Davíð. Þar eru einnig kvæðin Skugginn,
Einbúinn, Una og Óráð. Þeim fylgja ýmis verkefni.

Á vefnum *Málbjörg* er fjallað um inntak ljóðanna í Mályrkju og í kennsluleið-
beiningum bent á leiðir til að vinna með kvæði hans. Einnig er þar listi yfir
útgefin lög við kvæði Davíðs.

Í *Rauðkápu* er kvæðið Krummi úr Svörtum fjöðrum.

Konan, sem kyndir ofninn minn

Ég finn það gegnum svefninn,
að einhver læðist inn
með eldhúslampann sinn,
og veit, að það er konan,
sem kyndir ofninn minn,
sem út með ösku fer
og eld að spónum ber
og yljar upp hjá mér,
læðist út úr stofunni
og lokar á eftir sér.

Ég veit, að hún á sorgir,
en segir aldrei neitt,
þó sé hún dauðapreytt,
hendur hennar sótugar
og hárið illa greitt.
Hún fer að engu óð,
er öllum mönnum góð
og vinnur verk sín hljóð. –
Sumir skrifa í öskuna
öll sín bestu ljóð.

Ég veit, að þessi kona
er vinafá og snauð
af veraldlegum auð,
að launin, sem hún fær,
eru last og daglegt brauð.
En oftast er það sá,
sem allir kvelja og smá,
sem mest af mildi á. –
Fáir njóta eldanna,
sem fyrstir kveikja þá.

Verkefni

Skoðaðu rímið í ljóðinu. Er einhver regla á því hvernig orðin ríma?

Lýstu því hvernig konunni líður og af hverju líður henni svona?

Hvað er átt við með því að segja að konan skrifi í öskuna öll sín bestu ljóð?

Hvað er átt við með að fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá?


Hvernig ofn heldur þú að átt sé við í ljóðinu? _____

Teiknaðu mynd sem þér finnst passa við þetta ljóð



„Tónaseiður og svanaflug“


Á þessu ári eru liðin hundrað ár frá fæðingu ljóðskáldsins Snorra Hjartarsonar. Snorri ólst upp í Borgarfirði, sonur skólastjórans á Hvanneyri. Þegar hann stálpaðist lá leið hans í Flensborgarskólann og síðan í MR. En hann varð að hætta í menntaskóla vegna veikinda og fór til Kaupmannahafnar að leita sér lækninga. Þar lagði Snorri síðan stund á málalalist og flutti sig síðar yfir til Noregs þar sem hann dvaldi til ársins 1936 að hann kom loks alkominn heim til Íslands. Hann var þá hættur að mála en hafði gefið út skáldsögu á norsku og helgað sig skáldskapnum. Árið 1939 hóf Snorri störf við Borgarbókasafnið í Reykjavík þar sem hann vann allt til ársins 1966, í 23 ár sem yfirlýðingavörður. Hann lést árið 1986.



Snorri Hjartarson sendi frá sér fjórar ljóðabækur um ævina. Fyrst kom bókin *Kvæði* árið 1944, þá *Á Gnitaheiði* 1952, *Lauf og stjörnur* 1966 og *Hauströkkrið yfir mér* 1979. Að auki birtust 26 ljóð sem skáldið lét eftir sig í *Kvæðasafni* 1992. Árið 1981 fékk Snorri Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Snorri var eitt af höfuðskáldum á Íslandi 20. aldar. Hjá honum er að finna margar dýrustu perlur íslenskra ljóða. Bækur hans voru ekki margar en þeim mun meiri var fágúnin, því þéttar riðið net ljóðstafa og myndhverfinga, því meiri var dýpt skáldskaparins. Hann sagðist oft vera lengi með ljóðin, tæki tíma að finna réttu orðin. Enda báru þau það með sér, þar var ekki kastað til höndum. Snorri hefur verið kallaður fagurkeri og náttúruskáld og hann sver sig í ætt við Jónas af eldri skáldum. Hafði enda mikið dálæti á listaskáldinu góða og unni íslensku máli öðru fremur. Hann sagðist hafa verið himinlifandi þegar hann kom aftur heim í ríki tungunnar og faðm íslenskrar náttúru. Fyrsta ljóðabókin logar af þessum fögnuði.


*Það gisti óður
minn eyðiskóg
er ófætt vor
bjó í kvistum,
með morgunsvala
á sólardyr
leið svefninn ylfjór
og góður.*



„Úlfar hafa elt þá /og álfar hafa tælt þá ...“

Þannig hefst kvæðið í Úlfdölum, fyrsta kvæðið í bókinni *Kvæði*. Þetta er eitt af fegurstu kvæðum tungunnar og hefur verið lofað jafnt af gagnrýnendum sem ljóðaðunnendum allt frá útkomu bókarinnar, lýðveldisárið. Hljómfegurð þess, litadýrð og tilfinning er undarlega áleitin. Sá sem þetta skrifar man vel fyrstu áhrif kvæðisins á unga aldri. Fegurð þess og listræn skynjun er slík að ætla mætti að það væri runnið úr huldulindum íslenskrar tungu.

*Úr döggi og eldi
í eirrautt lim
óf ársól blóm
minna drauma
og kulið tárin
úr krónum þeim
er koss á brár
mínar felldi.*



„... hrakist vegavilltir / um vindkaldan skóg.“

Kvæðið má vísast skilja á ýmsa vegu en mér finnst það lýsa ungdómnum, fyrstu skáldskaparreynslu og hamingju hins unga manns sem dreymir um lífið framundan. Öll er þessi lýsing fádæma skáldleg og næm, orðaval og hrynjandi einstök og háttur bæði forn og nýr með hálfrím og ljóðstafi. Og hljómur kvæðisins er slíkur að það bókstaflega syngur til manns.

*Og tónaseiður
og svanaflug
úr suðri logana
glæddu;
í heiðri vordýrð
skein veröld mín
hver vegur opinn
og greiður.*

*Það söng í limi
ég lék við streng
ég lék að heilögum
dómum
ég sveif í logum
á svनावæng
ég svaf í dúnmjúku
brimi.*

(í Úlfdölum)

Lífið leikur við hið unga skáld. En síðan syrtir í álinn, skáldið er drepð í dróma, svanirnir hverfa í rökkrið, úlfar þjóta og ormar smjúga um kring. Sá sem þar kveður hefur upplifað fall og djúpa sorg, öflugt andstreymi eða kannski langvinn veikindi. En hann rís að lokum upp og heitir því að slá strengina með nýjum styrk og „stirna langnættið eldum“. Í lokin sést aftur til svanaflugs og sólin gistir skáldið á ný.

Náttúran, landið, tungan og þjóðin. Þessi eru meginyrkisefni Snorra Hjartarsonar. Þessi skáldskapur er ekki alltaf auðskilinn. Hann krefst töluverðrar íhygli. Oft er hann táknrænn og táknin gjarnan sótt til náttúrunnar. Skáldið er á ferð um heiðina, það er þoka, hann hvílist við lindina, sólin brýst fram og hann fylgir læknum

heim á leið. Þannig yrkir Snorri um lífshlaup og vegferð mannsins sem gjarnan er villtur í annarlegum heimi en á helst von um heimkomu ef hann hyggur að tengslum við náttúruna, landið, söguna og sjálfan sig. Annars verður skáldskapur Snorra Hjartarsonar ekki útskýrður í stuttu máli. Þessi skrif eru aðeins sett saman í þeim tilgangi að halda minningu hans á loft.

Í fyrstu bókinni fagnar Snorri heimkomunni og vefur glitklæði skáldskapar úr fegurð íslenskrar tungu og náttúru af mikilli leikni á vefstól þjóðararfs forn- og þjóðkvæða. Heitið Úlfdalir er t.d. fengið úr Völundarkviðu. Kvæðið Þjóðlag hefur yfir sér ævintýrlegan þjóðsagnablæ.

*Veistu að ég bíð þín
og vaki hér og bíð þín
bak við grænar rúður
og ryðbrunnar skrár,
bak við brúnar heiðar,
bak við dag og ár?*


*Enginn hefur séð mig
en allir hafa þráð mig,
svarið eið og söðlað
hinn sviffraa jó;
hrakist vegavilltir
um vindkaldan skóg.*

*Úlfar hafa elt þá
og álfar hafa tælt þá,
töfrað þá og tafið
við tafl og gull og vín;
flestir hafa gleymt
að þeir fóru að leita mín.*

*Nóttin hefur náð þeim
og nornir tekið við þeim,
ekki skaltu hræðast
þann álagadóm;
einn þú átt að eiga
mitt unga liljublóm.*

(Þjóðlag)

Hver er það sem talar í þessu kvæði? Það er nokkuð torráðið en manni dettur í hug hamingjan sjálf, skáldgyðjan eða fjallkonan sem kannski eygir nú frelsið þegar hillir undir sjálfstæði þjóðarinnar. Aftur eru úlfar á ferð og í þetta sinn tæla



„... töfrað þá og tafið / við tafl og gull og vín ...“

álfar þá sem leita ljóðmælandans og villa um fyrir þeim með töfrum sínum svo að þeir gleyma erindi sínu. Síðan kemur nóttin með nornir og álagadóma. Hér er leitað í arf þjóðsagna þó í grunninn sé þetta ástarkvæði. Ljóðmælandinn bíður og vonar að sér verði að ósk sinni og ástin fái blómstrað, sagan fái farsælan endi. Kannski er það sagan um Ísland, frelsi þess og sjálfstæði sem fjallkonan hefur beðið svo lengi, svo margar aldir meðan villt var um fyrir börnum hennar, þau gínt og kúguð á allan handa máta. En hún heldur í vonina og trúna, bak við óð og ástir eins og segir í lok Þjóðlags.

Á Gnitaheiði er næsta bók Snorra Hjartarsonar og kemur út 1952. Á þeim sjö árum

sem liðin eru frá útkomu *Kvæða* hafa gerst miklir atburðir. Íslendingar hafa gengið í Atlandshafsbandalagið, gerður hefur verið hverndarsamningur við Bandaríkin og árið 1951 kom herinn hingað aftur, í þetta sinn til að vera.

*Dómhringinn sitja ármenn erlends valds
enn ráðast mikil forlög smárrar þjóðar,
vorsól úr skýi vitjar kletts og tjalds,
á völlinn þyrpast sveitir kvíðahljóðar.
(Var þá kallað)*

*Myrknættið skriður
úr höll hins glóðrauða gulls. Hver
gengur til vígs í slóð þess? dagur, ó líf!
(Á Gnitaheiði)*

Nafn bókarinnar (*Á Gnitaheiði*) vísar í Völsungasögu þar sem ormurinn Fáfnir liggur á gullinu á Gnitaheiði. Af því gulli stafar ógæfa Sigurðar Fáfnisbana og vandræði Völsunga, svik og eiðrof. Hjá Snorra er Gnitaheiði tákn samtímans sem hefur svikið þjóðina í hendur erlends hervalds en þiggur gullið í staðinn. Þetta brennur á skáldinu og mikill hiti er í þeim ljóðum sem fjalla um hersetuna, oftast með táknrænum hætti. Í sama skyni notar Snorri söguna af Kristi sem svikinn var fyrir 30 silfurpeninga í garðinum Getsemane. Álengdar heyrir þotugnýrinn.

*Sofið þið? jörðin er lostin remmu og lævi
og log blysanna nálgast í þéttum hring
um garðinn, hólmann í hafi
heims, ógnar og valds; um hin dimmu göng*

*berst ys, hvískur, grár hlakkandi hlátur,
hlekkir gjálfra, silfur skrafar við stál;
álengdar rís og hnígur þúsundvængjaður þytur
þungaður feigð og kvöl.
(Í garðinum)*

Snorra er annt um landið og þjóðina, frelsi hennar og sjálfstæði og hersetan er honum þyrnir í augum. Þó að honum verði ekki tíðrætt um þá válegu hluti þá eru þau ljóð hans firnasterk og sannast með þeim sem endranær í ritverki Snorra að þar fer meira fyrir gæðum en magni.

*Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,
þér var ég gefinn barn á móðurkné;
ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,
þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.*

Og í lok kvæðisins:

*Ísland, í lyftum heitum höndum ver
ég heiður þinn og líf gegn trylltri öld.
(Land þjóð og tunga)*

Ekki er hægt að sjá að þessi orð eigi síður við núna en þegar þau voru skrifuð fyrir tæpum 60 árum og ennþá er öldin tryllt. Þess vegna er bæði næring og nautn fólgin í lestri þeirra fyrir þann sem lætur sig málið nokkru varða nú á tímum þegar íslensk tunga berst í bökkum. Kannski hefur sú barátta aldrei verið jafn hörð og einmitt núna þegar vegið er að sjálfum innviðum málsins.

Í síðustu bókunum tveimur fer minna fyrir hugmyndafræðilegum átökum og ádeilukvæðum. Þar er aðallega að finna stutt ljóð og rímið er að mestu horfið en stuðst við myndmál og ljóðstafi. Skáldið er á heiðinni og vegferðin er löng og ströng en vonin lifir um góða heimkomu. Það er haust í þessum ljóðum, langt liðið á ævidaginn og tónninn ekki eins bjartur og oft fyrrum. Skáldið lýsir vonbrigðum yfir þróun mála í mannheimum og leitar æ meir á vit náttúru og minninga í síðustu bókinni.

*Allt kyrrist og hljóðnar, kvöldið
kemur og slökkur
löng ljós sín í holum
laufhömrum skóga.*

*Þetta húmgræna djúp, hve það heillar
í hvíld sína og drauma;
en eitthvað er að: hér er jörðin
mér ókunn, minningalaus.*

*Í hug mér skín hamraffallið
sem horfði á mig barn í túni,
að slokknaðri sól vildi ég sofna í það,
sofa þar – vakna?*

(Og trúðu þeir)

Maðurinn hefur villst af leið, það er þoka og myrkur en lyngið er mjúkt og lindin hljóð. Skáldið er orðið innhverfara en hefur áhyggjur af því að maðurinn hafi týnt sjálfum sér og tapað áttum, sé kominn of langt frá upprunanum. Hann þarf að finna leiðina heim, hefur misst tengslin við hin góðu öfl ljóss og fegurðar sem eru Snorra svo mikils virði. Myndirnar eru skýrar, dregnar færri orðum en fyrr og enn eru litir í ljóðum þess skálds sem málaði ljóð sín hvað sterkustum litum á yngri árum og hefur verið sagður tengja forna tíma og nýja með skáldskap sínum.



„Veistu að ég bíð þín/ og vaki hér og bíð þín ...“

Á grunnsævi kvölds
flæðir gullinn straumur
um þéttriðin net
nakinna trjánna
og fyllir þau ljóskvikum fiskum

Bráðum kemur rökkrið
undir brúnum seglum
og vitjar um aflann.
(Kvöld)

Listræn snilldin er söm við sig þó að ljóðin séu orðin knappari. Og aldrei missir hann vonina þótt útlitið sé slæmt. Það er alltaf von og ósk um nýjan, bjartari dag í ljóðum Snorra Hjartarsonar.

Ég vil hverfa langt
langt inn á græna skóga
inn í launhelgar trjánna

og gróa þar tré
gleymdur sjálfum mér, finna
ró í djúpum
rótum og þrótt
í ungu ljósþyrstu laufi

leita svo aftur
með vizku trjánna
á vit reikulla manna.
(Inn á græna skóga)

Í námsefni Námsgagnastofnunar er að finna allmörg ljóð Snorra Hjartarsonar.
Ljóðasöfnin geyma eftirfarandi ljóð.
Ljóðsprotar: Brot, Minning.
Ljóðspor: Haust, Landslag.
Ljóðspeglar: Kvöld, Rústir, Sumarnótt, Þjófadalir.

Ingólfur Steinsson ritstjóri.

Helstu heimildir

Jón Valur Jensson. 2006. *Meistari endursköpunar í ljóðagerð*. Skoðað 12.10. 2006 af http://www.gardur.is/einstakl_itarrefni.php?nafn_id=143319
Silja Aðalsteinsdóttir o.fl. *Íslensk bókmenntasaga V*. 2006. Mál og menning. Reykjavík.
Kristinn E. Andrésson. 1979. *Um íslenskar bókmenntir*. Mál og menning. Reykjavík.
Snorri Hjartarson. 1992. *Kvæðasafn*. Formáli: Páll Valsson. Mál og menning. Reykjavík.

Teikningar eru eftir nemendur Hallormsstaðaskóla

Kristín Ingibjörg Stefánsdóttir, bls. 1
Laufey Ósk Þórólfsdóttir, bls. 5
Steinunn Viðarsdóttir, bls. 3
Ölvir Styrmisson, bls. 2